



## Fundargerð

25. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn  
mánudaginn 5. nóvember 2015 kl. 19:00 í sal E, á 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

---

Mætt: Einar Vilhjálmsson (EV), Jón H Steingrímsson (JHS), Fríða Rún Þórðardóttir (FRÞ), Stefán Skafti Steinólfsson (SSS var í símasambandi allan fundinn).

Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá boðaðs fundar á morgun fimmtudaginn 5. nóvember kl. 20:30.

1. Boðun og dagskrá fundar: Samþykkt.
2. Fundargerðir: Fundargerð 24. Fundar lögð fram og samþykkt.
3. Tillaga að egfni ráðningasamnings framkvæmdastjóra rædd og efnisatriði samþykkt.

4. Staðan á bankareikningum FRÍ - farið yfir stöðuna og hún staðfest þröng en þó ekkert í alvarlegum vanskilum. Stjórnin fagnar augljósum batamerkjum á fjármálasviði og staðfestingu gjaldkera um að búið sé að greiða uppsafnaða skuld sambandsins við lífeyrissjóð framkvæmdastjóra og fyrrverandi verkefnastjóra, greiða laun samkvæmt samningi við sömu aðila, niðurgreiða skuld sambandsins við Icelandair og lækka yfirdrátt sambandsins verulega. Búið er því að ráðstafa sjálfsaflafé sambandsins frá því fyrr á þessu ári til að greiða ofangreindar eldri skuldir sambandsins. Þá var staðfest að allir styrkir frá Afrekssjóði ÍSÍ hafa verið greiddir til FRÍ og munu verða greiddir sambandinu samkvæmt áætlun fyrir árslok ársins 2015. Og samhliða því að allar skýrslur frá sambandinu hafi borist ÍSÍ.

5. Formaður greinir frá mótamálafundi/haustfundi FRÍ handinn á ÍSÍ 31. október. Stjórn fagnar góðri þátttöku og góðum umræðum. Bæta við þátttakendalista

6. Drög að mótaskrá lögð fram á fundinum og þau samþykkt með fyrirvara um lendingu nokkurra álitaefna sem mótanefndin mun leggja frma tillögum um fljótlega. Stjórn sammála að birta ekki mótaskrána fyrr en að hún lægi endanlega fyrir og stefna að því sem allra fyrst.

7. NM U20 - völlum og valkostir um keppnisstað. Formaður greinir frá því að fyrir mótaþing EAA í Lausanne hafi verið leitað upplýsinga um hugsanlega ómögulegheit fyrir tímasetningu á NM U20 á Laugardalsvelli á ágústmánuði 2016. Og að engin ómögulegheit um tímasetningu fyrir mótið um helgi í ágúst á Laugardalsvelli hafi borist stjórn FRÍ fyrir mótaþing EAA í október. Á þinginu varð niðurstaða -Norðurlandanna að mótið færi fram helgina 13.-14. ágúst. Eftir þing EAA komu fram upplýsingar frá KSÍ um að sú helgi kæmi ekki til greina og nokkru síðar að helgin á eftir væri föll. Verulega óheppilegt reyndist fyrir frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum



að taka þátt á mótinu á öðrum tíma á komandi Ólympíuári og ásættanlegt að þeirra hálfu að mótið fari fram á 6-brauta velli í þetta sinn ef þörf krefur. Stjórnin FRÍ var sammála um það að beita sér fyrir því að stjórn vallarmála í Reykjavík veiti stjórn FRÍ upplýsingar um valkvæða tímasetningu fyrir alþjóðlegt mótahald sambandsins á Laugardalsvelli tímanlega fyrir mótaþing EAA sem haldið er ár hvert í október. Formaður greindi einnig frá því að samþykkt var á fundi Norðurlandanna að mótshaldari NM-móta beri kostnað af hópflutningi keppenda frá flugvelli að gististað. Sú samþykkt eykur kostnað FRÍ verulega við að halda mótið á öðrum stað en á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn FRÍ samþykkti að mótið fari fram á höfuðborgarsvæðinu 13.-14. ágúst að þessu sinni og fól formanni og framkvæmdastjóra að vinna tillögu að staðsetningu og undirbúningi sem fyrst.

8. Ráðstefna EAA í Frankfurt - unglíngamál - þrír fulltrúar. Formaður greindi frá því á fundinum sem komið hafði fram í samtölum stjórnarmanna milli funda að EAA hafi boðið þremur fulltrúum frá Íslandi að sitja á ráðstefnu í Frankfurt um skipan unglíngamála innan félaga og sambanda í Evrópu „ Clubs System & Youth Conference“. Stjórnin staðfesti að fulltrúar Íslands á fundinum væru Alberto Borges Moreno, þjálfari Breiðabliks og yfirþjálfari Kids Athletiks hjá FRÍ, Freyr Ólafsson, formaður Ármanns og FÍR og Margrét Héðinsdóttir, formaður ÍR. Stjórn FRÍ fagnar því að þau séu færð til að sækja ráðstefnuna sem kynnt hefur verið sem sú stærsta og umfangsmesta á þessu sviði í Evrópu til þessa.

9. Ráðstöfun á styrk frá Afrekssjóði - Verkefnastjórnun afreks- og landsliðsverkefna 2015. Samþykkt var ráðstafa styrk Afrekssjóðs til að mæta vinnuframlagi við málaflokkinn frá framkvæmdastjóri FRÍ, A-landslíðsþjálfurum Smáþjóðaleikanna og Evrópukeppni landsliða og Unglinganefnd FRÍ.

10. RIG. Formaður tilgreindi um fyrirhugað fundarboð til að ræsa af stað undirbúning fyrir RIG og lagði fram tillögu um að boða síðustu mótsstjórn til fundar í von um að allir hafi svigrúm til að starfa áfrán fyrir RIG 2016. Tillagan samþykkt.

11. Lokauppgjör við framkvæmdastjóra JE. Gjaldkeri greindi frá fundi með Jónasi Egilssyni vegna lokauppgjors við hann og lagði fram tillögu að lokafrágangi launaliða sem stjórn samþykkti. Tekin var til umræðu reikningu frá lögmannsstofu, Sveins Andra Sveinssonar, Reykjavík Lawyers, fyrir meinta álitsgjöf fyrir Jónas sjálfan. Útgjöld að hálfu FRÍ vegna slíkrar þjónustu var hafnað á 22. stjórnarfundum þann 21. júlí. JE fór engu að síður fram á þá þjónustu við lögmannsstofuna í nafni FRÍ og reikningur gefinn út af lögmannsstofunni 17. ágúst án heimildar frá stjórn FRÍ. Heimildina hafði JE ekki samkvæmt ákvörðun á stjórnarfundum né samkvæmt ákvæðum í ráðningasamningi. Þar fyrir utan var efnisatriðum, sem álitsgjöfin byggði á, stórlega ábótavant. Máíð í hnotskurn lítur að því hvort starfsmenn á stofu FRÍ eða stjórnarmenn hafi mátt nálgast nauðsynlegar upplýsingar vegna þátttöku íþróttamanna á NM-U20 á þjónustu- og samskiptanetfangi sambandsins (fri@fri.is) daginn eftir að JE fór í FRÍ og af landi brott. Ákvörðun um lokameðferð FRÍ á kostnaði kr 334.800 vegna lögfræðialits fyrir Jónas var frestað.

Freira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:30



VIÐAUKI:

## Mótamálafundur, haustfundur FRÍ 2015

haldinn í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardag laugardaginn 31. október.

### Dagskrá

1. Kl. 9: 00 Fundurinn settur.
2. Kl 9:10 Salur C eða fundaraðstaða við skrifstofu FRÍ : Bikarkeppni FRÍ - framtíð keppinnar. Umræðu stjórnar Magnús Jakobsson
3. Kl. 10:10-11:10 Salur C eða fundaraðstaða við skrifstofu FRÍ : Mótaskrá FRÍ.
  - 3.1. Farið yfir mótaskrá ársins 2016 - Ólafur Guðmundsson formaður mótanefndar FRÍ og
  - 3.2. Fríða Rún Þórðardóttir nefndarmaður.
  - 3.3. Athugasemdir og tillögur til breytinga.
  - 3.4. Mótaskráin lögð fram til samþykktar og birtingar á vef FRÍ.
4. Kl. 11:15 -12:15 Salur B : Kynning á verkefnum erlendis á árinu 2016 og greining á líkindum fyrir þátttöku Íslendinga á þeim mótum. Jón Sævar Þórðarson, Fríða Rún Þórðardóttir/ Súsanna Helgadóttir.
5. Kl. 12:15 - 12:55: Léttar veitingar og almenn umræða:
6. Kl. 13:00 - 13:30: Salur B: Valkvætt samstarf skrifstofu FRÍ við mótshaldara um kynningar- og markaðsstarf til tekjuauka fyrir mótshaldara og skrifstofu FRÍ. Formaður FRÍ opnar umræðuna.
7. Kl. 13:30-15:00 Salur D: Fundur um almennings-, götu-og víðvangshlaup.
  - 7.1. Sigurður P. Sigmundsson formaður AGV-nefndar - staða götuhlaup á Íslandi almennt
  - 7.2. Kynning gæðaflokkun götuhlaupa og vottunarreglur EAA/FRÍ
  - 7.3. Þorsteinn Þorsteinsson formaður tækninefndar FRÍ - aðkoma að götuhlaupum 2015-16
8. Almenn umræða.

Með bestu kveðju, stjórn FRÍ